

# Norðfirðingur

2. tbl. 35. árg

www.nordfirdingafelagid.is

2009

## Munið !

- **Gönguferð**  
Gengið verður í kringum Vífilsstaðavatn þann 16. maí, n.k undir leiðsögn Hrafnkels Helgasonar. Mæting kl. 10:30 á neðra bíla-stæðinu.
- **Sjómanna-dagskaffi**  
Hið árlega Sjómanna-dagskaffi verður haldið á Kaffi Reykjavík þann 7. júní n.k. kl. 15:00-17:00.
- **Tölvupóstföng**  
Sendið okkur tölvupóstfangið ykkar til steini@hafro.is. Slíkt auðveldar að senda rafræn skilaboð til félagsmanna um atburði á vegum félagsins.

## Í fréttabréfinu Bls.

Frá stjórn	2
Norðfjarðarsaga II	2
Sparisjóður	2
Dagatölin	3
Eftirlýst	3
Norðfirsk tónskáld	3
Tilkynningar	4

## Neskaupstaður 80 ára !


Þann 1. janúar árið 1929 fékk Nes í Norðfirði kaupstaðarréttindi og hlaut nafnið Neskaupstaður. Í upphaflegu útgáfu laganna átti hinn nýi kaupstaður að heita Norðfjarðarkaupstaður en að endingu fékk staðurinn nafnið Neskaupstaður. Í ár hefði því Neskaupstaður orðið 80 ára en fjórðurinn okkar fagri er nú hluti af Fjarðabyggð.

Neskaupstaður hélt veglegar afmælishátíðir, m.a. árið 1954 og 1979. Á afmælishátíðinni árið 1954 kom forseti lýðveldisins Ásgeir Ásgeirsson í heimsókn. Hátíðardagskrá var í leikfímísal barnaskólans og þar er myndin tekin af Lúðrasveit Norðfjarðar. Í bakgrunnin er málverk sem málað var sérstaklega fyrir þennan viðburð af Jóhanni Jónssyni (Jóa á Tröllanesi). Þetta var í fyrsta sinn sem lúðrasveitin kom saman. Stjórnandi var Höskuldur Stefánsson en seinna þetta ár fluttist Haraldur Guðmundsson til Norðfjarðar og tók við stjórn sveitarinnar.

Tveir úr þessari fyrstu lúðrasveit Norðfjarðar eru nú í stjórn Norðfirðingafélagsins. Þeir eru Birgir D. Sveinsson og Jón Karlsson, en Birgir var jafnframt einn af stofnendum félagsins árið 1968 og í fyrstu stjórn þess.



Fyrsta lúðrasveit Norðfjarðar árið 1954. F.v. Jón Lundberg, Birgir D. Sveinsson, Geir Bjarni Jónsson, Jón Sigurðsson, Höskuldur Stefánsson, Gíslí S. Gíslason, Friðrik Jón Sigurðsson, Ottó Sigurðsson og Kristján Lundberg. Standandi bakvið, Jón Karlsson og Karl Pálsson.



Síldarárin á Norðfirði árið 1961. Við söltunarstöðina Drífu. Á sjöunda áratugnum var mikill uppgangur á Norðfirði eins og víðast á Austurlandi.



**ORKAN**  
BENSÍN



Gísli Gíslason

### Vífilsstaðavatn

**Norðfirðingafélagið skipuleggur göngu við Vífilsstaðavatn, þann 16. maí n.k. Mæting kl. 10:30 á neðra bílastæðinu.**

**Leiðsögumaður verður Hrafnekell Helgason fyrrverandi yfirlæknir á Vífisstöðum en hann þekkir staðinn og staðhætti vel.**

**Fjölmennum og tókum með okkur nesti og hressa norðfirsku lund.**

**Stjórnin**

### Sparisjóður Norðfjarðar styrkir Norðfirðingafélagið

Það er óhætt að segja að ný vefsiða Norðfirðingafélagsins, hafi hlotið góðar viðtökur. Stjórnar- maðurinn og fiskifræðingurinn Þorsteinn Sigurðsson hefur haft veg og vanda af því að halda utan um síðuna og setja inn efni.

Sparisjóður Norðfjarðar ákvað að styrkja rekstur síðunnar en Sparisjóðurinn styrkir einnig dagatal félagsins og er að sjálfsögðu viðskiptabanki félagsins eins og margra félagsmanna.

Norðfirðingafélagið færir Sparisjóðnum sínar bestu þakkir fyrir stuðninginn og samstarfið.




## Frá stjórn Norðfirðingafélagsins

Starfsemi Norðfirðingafélagsins er með nokkuð hefðbundnu sniði. Á öðrum stað í fréttabréfinu er fjallað um gönguferð félagsins sem og Sjömannadagskaffið. Svo hefst starfsemin aftur í haust af fullum krafti. Þá verðu m.a. gönguferð um miðbæ Reykjavíkur, tónlistar- og menningarkvöld og svo ljúkum við árinu með bænanstund þann 20. desember. Allir atburðir eru merktir á dagatal félagsins en einnig ef yfirlit yfir starfsemina á baksíðu þessa fréttabréfs.

Árið 2000 gáfu afkomendur Herberts Jónssonar og Ragnheiðar Stefánsdóttur Norðfirðingafélaginu íbúð í Neskaupstað. Félagið leigði hana til félagsmanna í nokkur ár en árið 2006 var ákveðið að selja hana. Söluandvirðið er nú kjölfestan í fjármálum félagsins. Á 40 ára afmæli Norðfirðingafélagsins var samþykkt í stjórn að gefa vandaða útsýnisskífu með upplýsingum um kennileiti á Norðfirði til minningar um Herbert Jónsson. Erindi hefur verið sent til bæjarstjórnar Fjarðabyggðar sem tók því fagnandi. Áætlað er að skifunni verði fundinn staður fyrir utan vitann. Fyrir lítið félag eins og Norðfirðingafélagið þá er þetta risaverkefni. Skífan verður afhent uppsett sumarið 2010 og áætlaður kostnaður vel á aðra milljón. Að sama skapi þá er það sérstaklega ánægjulegt fyrir Norðfirðingafélagið að gefa gjöf til heimabyggðarinnar sem vonandi á eftir að standa í áratugi.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur jafnframt samþykkt að heimila Norðfirðingafélaginu að nota gamla bæjarmerki Neskaupstaðar sem notað var til ársins 1979. Norðfirðingafélagið er þakklátt að fá heimild til að nota gamla bæjarmerkið sem merki félagsins.

Gísli Gíslason, formaður



Sýnishorn af útsýnisskífum

## Norðfjarðarsaga II eftir Smára Geirsson

Út er komið annað bindi um sögu Norðfjarðar. Sagan nær frá 1895 til 1929, að þeim tíma þegar Norðfjörður fékk kaupstaðarréttindi.

Um sannkallað stórvirki er að ræða því bækurnar eru tvær og samtals 860 bls. Bókunum er skipt í 19 kafla með um 400 ljósmyndum.


Fullt verð bókanna er 17.900 kr en félagsmönnum Norðfirðingafélagsins býðst að eignast bækurnar á 12.900 kr.

Einnig býður Bókaútgáfan Hólar félagsmönnum að kaupa fyrri bókina, Norðfjarðarsaga I. Frá upphafi byggðar til ársins 1895 á aðeins 2.980 kr. meðan birgðir

endast, en almennt verð er 7.980 kr.

Hægt er að panta bækurnar með tölvupósti á [bbaldur@simnet.is](mailto:bbaldur@simnet.is) eða hafa samband við Brynjar eða Önnu í síma 581-1964 / 698-6919.


Eigendur bókaútgáfunnar Hóla eru systkinin Anna og Guðjón en faðir þeirra var Norðfirðingurinn Eiríkur Bjarnason Þórðarsonar, sem bjó á Eskifirði. Það fer vel á því að barnabörn Bjarna Þórðarsonar fyrrverandi bæjarstjóra í Neskaupstað gefi út Norðfjarðarsögu enda Bjarni maður sem setti afgerandi spor á sögu staðarins.



Norðfjörður um 1930



Hvað er norðfirskara en börn á bryggju að veiða og bátur í fjöru



Norðfjörður um 1960

## Dagatalið 2010 í undirbúningi

Árið 2009 var fjórða dagatal Norðfirðingafélagsins. Myndaþema var félagasamtök á Norðfirði eftir 1970.

Félagið hefur fengið fjölmörg jákvæð viðbrögð við dagtalinu. Félagið hefur einnig notið ómetanlegra styrkja frá norðfirskum fyrirtækjum. Það hefur verið bent á að betra væri að dagatalið kæmi út að hausti svo hægt sé að senda það

vinum með jólakortunum. Í ár stefnum við að því að búið verði að prenta dagatalið í nóvember 2009. Myndaþema fyrir 2010 verður verslun, þjónusta og viðskipti á Norðfirði. Þeir sem eiga myndir í fórum sínum sem tengjast myndaþemanu eru vinsamlegast beðin um að hafa samband við dagatalsnefndina, en hana skipa: Birgir D. Sveinsson

sími 8629431, tölvupóstur: birgird@ismennt.is, Birna Hilmarsdóttir sími 8628510, tölvupóstur: bih3@hi.is og Hólmfríður G. Guðjónsdóttir sími 6648235, tölvupóstur: holmfridurgg@internet.is.

Það má því segja að hér sam einst til góðra verka fyrir Norðfirðingafélagið, Lárusar-, Tinda- og Marteinsættirnar frá Norðfirði.



Birgir D. Sveinsson



Birna Hilmarsdóttir



Hólmfríður G. Guðjónsdóttir

## Norðfirðingafélagið lýsir eftir:

### Fundargerðarbók:

Norðfirðingafélagið lýsir eftir fyrstu fundargerðarbók félagsins, sem er frá stofnun 1968 og fram yfir 1980. Félagið geymir gögn sem tengjast félaginu í Fella- og Hólakirkju. Gaman væri ef hægt væri að finna bókina góðu til varðveislu á sama stað og önnur gögn félagsins eru geymd.

### Hver er maðurinn?

Við gerð dagatalsins fyrir árið 2009 var ekki hægt að nafngreina einn mann, sem er leggst til hægri á neðangreindri mynd, sem er mars mynd dagatalsins 2009. Endilega skoðið dagatalið og hringið í einn af stjórnarmönnum ef þið vitið hver viðkomandi er. Símanúmer eru á baksiðu.

### Menningar dagskrá:

Stjórn Norðfirðingafélagsins lýsir eftir góðum hugmyndum að dagskrárliðum fyrir menningarhátiðina í haust. Hátiðin verður 19. nóvember samkvæmt dagatalinu góða. Allar hugmyndir eru vel þegnar.



Sjómanna dagskaffi Norðfirðingafélagsins verður 7. júní á Kaffi Reykjavík kl. 15:00-17:00

### Tölvupóstföng:

Félagsmenn skráið tölvupóstföng ykkar hjá steini@hafro.is

Það auðveldar stjórninni að koma skilaboðum til félagsmanna.



**Tónskáld og dægurlagahöfundar** sem tengjast Norðfirði f.v. Helgi Pálsson frá Tröllanesi á Norðfirði var kaupfélagsstjóri og tónskáld. Hann var faðir Gerðar Helgadóttur sem Gerðasafn í Kópavogi er kennt við. Ingi T. Lárusson var frá Seyðisfirði en bjó lengi á Norðfirði. Þórarinn Jónsson var frá Mjóafirði en fór frá Norðfirði til Reykjavíkur og þaðan til Þýskalands þar sem hann bjó í aldarfjórðung. Svavar Benediktsson, Bjarni Tryggvason, Einar Ágúst, Guðmundur Rafnkell Gíslason og Hlynur Benediktsson allir frá Norðfirði.

**Vífilstaðavatn**

Gönguferð þann 16. maí við Vífilstaðavatn. Mæting kl. 10:30 við neðra bílastæðið.

Leiðsögumaður verður Hrafnkell Helgason fyrrverandi yfirlæknir á Vífisstöðum en hann þekkir staðinn og staðhætti vel.



Starfsemi Norðfirðingafélagsins á sér stað í Fella- og Hólakirkju, við Vífilstaðavatn, í Kaffi Reykjavík, í gönguferð um miðbæ Reykjavíkur sem og í Kringlunni og á Kringlúkránni.

Sjómannadagskaffi Hið árlega Sjómannadagskaffi Norðfirðingafélagsins verður haldið á Kaffi Reykjavík kl. 15:00-17:00

Kaffi og kaffihlaðborð.  
Kr. 1200  
Tónlistaratriði

**Samúðarkort**

Rósa Skarphéðinsdóttir selur samúðarkort frá Norðfjarðarkirkju

Sími 477 1415  
GSM 860 3556

**Tölvupóstföng:**

Félagsmenn skráið  
tölvupóstföng ykkar hjá  
steini@hafro.is

Úgefandi: Norðfirðingafélagið  
www.nordfirðingafelagid.is

**Stjórn:**

Gísli Gíslason: 8980991  
Hólmfríður G. Guðjónsdóttir: 6648235  
Birna Hilmarsdóttir: 8628510  
Þorsteinn Sigurðsson: 8221709  
Gunnar K. Guðmundsson: 8403003  
Jón Karlsson: 8966378  
Birgir D. Sveinsson: 8629431  
Íris Másdóttir: 8673278  
Bjarni Freyr Ágústsson: 8640264  
Hálfdan Steinþórsson: 8608005

**Dagskrá Norðfirðingafélagsins 2009**

1. Ganga við Vífilstaðavatn undir leiðsögn Hrafnkels Helgasonar, fyrrverandi yfirlæknis að Vífisstöðum, þann 16. maí n.k. Mæting kl. 10:30 við neðra bílastæðið. Nánari upplýsingar gefur Gunnar Karl.
2. Sjómannadagskaffi á Kaffi Reykjavík þann 7. júní kl. 15:00-17:00. Tónlistaratriði. Nánari upplýsingar gefa Hólmfríður og Íris.
3. Gönguferð um miðbæ Reykjavíkur þann 19. september undir leiðsögn Rögnu Ólafsdóttur. Gengið frá Hallgrímskirkju kl. 10:30. Nánari upplýsingar gefur Birna.
4. Tónlistarkvöld í umsjón Jóns Gunnarssonar og Jóns Mýrdal. Haldið á Kringlúkránni þann 10. október. Nánari upplýsingar gefa Gísli og Bjarni Freyr.
5. Menningarkvöld Norðfirðingafélagsins, þann 19. nóvember í Fella- og Hólakirkju, kl. 20.00. Nánari upplýsingar gefa Gísli, Bjarni Freyr og Íris
6. Bænastund í Fella- og Hólakirkju með Sr. Svavari Stefánssyni, kl. 17:00. Nánari upplýsingar gefa Gísli, Bjarni Freyr og Íris.

Munið fyrsta laugardag í mánuði hittast Norðfirðingar í morgunkaffi á Kaffitári í Kringlunni kl. 9:30 í umsjón Jóns Karlssonar og Hákonar Aðalsteinssonar.

**Sjómannadagskaffi**  
Norðfirðingafélagsins verður 7. júní á  
Kaffi Reykjavík kl. 15:00-17:00

